

STJÓRN MÁL
OG STJÓRNSÝSLA
VEFTÍMARIT

Íslenska efnahagsundrið

Frá hagsæld til frjálshyggju og fjármálahruns

Stefán Ólafsson prófessor
við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands

2. tbl. 4. árg. 2008
Fræðigreinar



Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Odda v/Sturlugötu 101 R. Sími 525-4928 <http://www.stjornsyslustofnun.hi.is>

Útdráttur

Hér er greint frá rannsókn á þróun hagvaxtar og kaupmáttar á lýðveldistímanum á Íslandi. Viðfangsefnið er skoðað í sambengi við nýlegar fullyrðingar um „Íslenska efnahagsundrið“, þ. e. þá hugmynd að hagsæld og kaupmáttur hafi aukist meira eftir árið 1995 en á fyrri áratugum lýðveldisins.

Niðurstöður sýna að bæði þjóðarframleiðsla og kaupmáttur almennings jukust langmest á tímabilinu frá 1960 til um 1980. Hið eiginlega íslenska efnahagsundur átti sér stað á þessum tíma, en ekki eftir árið 1995. Strax árið 1980 var Ísland í öðru sæti á lista Sam-einuðu þjóðanna yfir þjóðir með bestu lífskjör í heimi. Árið 1990 var Ísland í þriðja sæti á þeim lista. Í reynd er bæði hagvöxtur og kaupmáttaraukning á frjálshyggjutímanum eftir 1995 undir meðallagi á lýðveldistímanum öllum.

Góðæri fyrri áratuganna einkenndust af almennri og jafnri aukningu kaupmáttar meðal almennings, en góðærið eftir 1995 einkenndist af stívaðandi ójöfnuði, sem fól í sér að hátekjufólk og stóreignafólk naut hagvaxtarins í meiri mæli en þeir sem lægri tekjur höfðu.

Góðærið eftir árið 2003 hefur mikla sérstöðu á lýðveldistímanum, vegna þess að það var öðru fremur byggt á gríðarlegri skuldaföfnun erlendis. Þessi skuldaföfnun hefur nú leitt til fjármálabruna og kreppu á Íslandi, með miklum neikvæðum afleiðingum fyrir lífskjör og framtíð þjóðarinnar. Sú framvinda er einkum rakin til ábrifa róttækra frjálshyggju sem innleidd var í vaxandi mæli eftir 1995.

Frjálshyggjuvæðingin náði hámarki með einkavæðingu bankanna sem lokið var að fullu snemma árs 2003. Það gerðist í aðstæðum þar sem þjóðin hafði nýlega fengið frelsi til fjármagnsflutninga og þar sem eftirlits og aðbaldskerfi hins opinbera var veikt fyrir, meðal annars vegna stefnu stjórnvalda.

Nýir eigendur bankanna beittu þeim á ótæpilegan hátt í fjárfestingastarfsemi, sem líkja má við óbesta spákaupmennsku. Í kjölfarið fylgdi dæmigerð ofpensla og eignaverðbólga, með skuldaföfnun sem nú hefur leitt til fjármálabruna. Þessari framvindu er lýst með tilvísunum til klassískra kenninga um fjármálakreppur, íslenskra skrifna um frjálshyggjustefnu og með tilvísunum í greiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á orsökum brunna á Íslandi.

Inngangur

Fullyrft hefur verið að tíminn frá 1995 hafi verið einstakt hagsældarskeið í sögu þjóðarinnar. Stjórnmalamenn hafa sagt að hagvöxtur þessa tíma hafi verið meiri en nokkru sinni fyrr. Róttækir frjálshyggjumenn efndu til sérstakrar ráðstefnu undir heitinu „Íslenska efnahagsundrið“ árið 2007 og þökkðu frjálshyggjustefnu ríkisstjórna Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar það sem þeir töldu einstaklega góðan árangur. Ör vöxtur einkavæddra bankanna og gríðarlegur hagnaður þeirra, ásamt mikilli fyrirferð íslenskra athafnamanna við kaup á fyrirtækjum erlendis, tengdust einnig í hugum flestra þessu meinta efnahagsundri. Þá hefur loks verið fullyrft að kjör almennings hafi batnað einstaklega mikið fyrir tilstilli frjálshyggjustefunnar sem fylgt var á tímabilinu.¹

1 Í grein árið 2007 undir fyrirsögninni „Íslenska efnahagsundrið“ sagði Hannes H. Gissurarson

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Í þessari grein er lagt mat á sannleiksgildi staðhæfinga um íslenskt efnahagsundur á síðustu árum. Spurt er hvort hagvöxtur síðustu ára hafi verið meiri en á fyrri áratugum lýðveldistímans frá 1945 og hvort almenningur hafi notið óvenjumikilla kjarabóta umfram það sem áður var.

Niðurstaðan er sú að hagþróun tímabilsins frá um 1960 til 1980 hafi verið mun kröftugri en hagvöxturinn sem varð hér eftir 1995. Bæði voru hagvaxtartölur fyrri áratuga talsvert hærri og dæmi eru um lengri samfelld hagvaxtarskeið en á síðustu árum. Ísland komst varanlega í hóp 10-15 hagsælustu þjóða heims á tímabilinu 1960 til um 1980. Árið 1980 taldist Ísland vera í öðru sæti á lista Sameinuðu þjóðanna um bestu lífskjör í heimi (*Human development index*). Árið 1990 var Ísland í þriðja sæti á sama lista.

Sú frétt barst árið 2007 að Ísland hafi þá verið komið í efsta sæti á þessum lista. Það felur hins vegar ekki í sér jafnmikla breytingu á stöðu þjóðarinnar og ætla mætti. Ísland hafði þá einungis færst upp um eitt sæti frá niðurstöðunum sem höfðu áður verið birtar fyrir árið 1980. Sú tilfærsla var að auki á sandi byggð, eins og hér verður sýnt.

Kaupmáttaraukning almennings var einnig mun meiri milli 1960 og 1980 en verið hefur á árunum eftir 1990 eða jafnvel þótt einungis sé miðað við vaxtarárin eftir 1995. Hagvaxtarþróun frá 1996 hefur þó verið yfir meðaltali OECD-ríkjanna. Nú hefur hins vegar komið á daginn að sá umframvöxtur var einkum byggður á óvenjumikilli skuldasöfnun þjóðarbúsins. Sú skuldasöfnun hefur nú fært Íslendinga að barmi þjóðargjaldþrots, með fyrirséðum miklum hremmingum og lífskjaraáföllum. Það er því af mörgum ástæðum afar villandi að tala um hag- og kjarabóta síðustu ára sem sérstakt „efnahagsundur“, nema þá í neikvæðri merkingu.

Þróun lífskjara frá 1995 einkenndist af mikilli aukningu ójafnaðar í tekjuskiptingunni. Tekjur hærri tekjuhópanna jukust langmest en lágtekjufólk dróst afturúr öllum öðrum. Ofurlaun að bandarískri fyrirmynd komu í fyrsta sinn til sögunnar á Íslandi. Ekki aðeins hækkðu tekjur lágtekjuhópa minna en þeirra sem hærri tekjur höfðu, heldur beittu sitjandi ríkisstjórnir skattastefnu sem jók skattbyrði lágtekjuhópa mjög mikið um leið og skattbyrði hæstu tekjuhópanna

m.a. eftirfarandi: „Nær samfelldur og ör hagvöxtur hefur verið hér frá 1995, sem hvorki er reistur á stríðsgróða né rányrkju, heldur hagræðingu og auðsköpun. Lífskjör almennings hafa batnað um meira en 50%. Ísland er nú í röð ríkustu og frjálsustu þjóða heims samkvæmt alþjóðlegum mælingum ... Síðustu ár hafa íslenskir víkingar hafið stórkostlega útrás, keypt fyrirtæki og annað í grannríkjunum, farið fram með verði, en ekki sverði eins og forðum.

Hvað olli íslenska efnahagsundrinu? Festa í peningamálum og ríkisfjármálum, frelsi til viðskipta, myndun einkaeignarréttar á auðlindum, sala ríkisfyrirtækja og skattalækkanir. En ef til vill eru tvær aðrar spurningar nú forvitnilegri. Hvaðan komu íslensku víkingunum fé til að kaupa fyrirtæki sín hér og erlendis? Augljós skýring er auðvitað hinir öfluglu lífeyrissjóðir. En önnur skýring ekki síðri er, að fjármagn, sem áður var óvirkt, af því að það var eigendalaust, óskrásett, óveðhæft og óframseljanlegt, varð skyndilega virkt og kvíkt og óx í höndum nýrra eigenda. Hér á ég aðallega við fiskistofnana og ríkisfyrirtækin fyrrverandi, en líka ýmis samvinnufélög.“ (Fréttablaðið 19. september 2007).

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

lækkaði, vegna upptöku óvenjulágs fjármagnstekjuskatts. Fjármagnstekjur koma einmitt í meiri mæli til fólks í hærri tekjuhópum. Góðæri þessara ára var því mjög misskipt, ólíkt því sem var á fyrri góðæriskeiðum lýðveldistímans.

Hið eiginlega efnahagsundur íslenska lýðveldisins varð á tímabilinu 1960-1980, með framþróun sjávarútvegs og síðar einnig orkufreks iðnaðar og ferðaþjónustu sem leiðandi greina, ásamt uppbyggingu mennta- og velferðarkerfis sem eflði mannaud þjóðarinnar. Ísland var því komið í fremstu röð vestrænna þjóða löngu áður en hin nýja frjálshyggjustefna var innleidd. Á reikning hennar skrifast hins vegar stór hluti af því sem afvega fór á allra síðustu árum.

I. Hagsældarþróun á Íslandi frá 1945 til nútímans

Guðmundur Jónsson, prófessor í hagsögu við Háskóla Íslands, hefur gert vðamikla og merkilega úttekt á hagvexti á Íslandi frá upphafi nútímavæðingar á seinni hluta 19. aldar og fram að lokum seinni heimsstyrjaldar, í bókinni *Hagvöxtur og iðnvæðing: Þróun landsframleiðslu á Íslandi 1870 til 1945*. Þar kemur meðal annars fram að frá um 1870 til um 1935 var landsframleiðsla Íslendinga og Finna áþekk og jafnframt sú lægsta á Norðurlöndum og nokkuð langt undir meðaltali Vestur-Evrópuþjóða. Hér á landi varð hins vegar gríðarlegur vöxtur frá 1938 til loka seinni heimsstyrjaldar, eða um 9,2% að meðaltali á ári (Guðmundur Jónsson 1999, 153-160 og 370-371). Þetta var mesta vaxtartímabilið sem mældist frá 1870 og á því náði Ísland að jafna stöðuna við flest hinna Norðurlandanna og fór reyndar í fyrsta sinn fram úr meðaltali Vestur-Evrópuþjóðanna.

Næstmesta vaxtartímabilið, samkvæmt tölum Guðmundar, var milli 1920 og 1930, en þá var árlegur meðalvöxtur landsframleiðslu á mann um 5,9%.

Hér verður eingöngu fjallað um tímabilið eftir seinni heimsstyrjöld og hagvöxtur síðasta áratugar borinn saman við fyrri áratugi eftirstríðsáranna. Það er hins vegar gagnlegt að skoða hagvöxt einstakra áratuga og tímabila eftirstríðsáranna með hliðsjón af þessum tveimur afgerandi vaxtarskeiðum fyrri tímans, þriðja áratugnum og árunum 1938-1945.

Á mynd 1 er sýnt yfirlit yfir hagvöxt á lýðveldistímanum.² Ekki þarf að horfa lengi á línuritið til að sjá þær meginniðurstöður þess að hagvöxturinn var umtalsvert meiri á milli 1960 og 1981 en á tímabilinu frá 1996, sem oft er sagt upphafsár góðæris síðustu ára. Bæði voru hagvaxtartölur mun hærri á fyrri skeiðinu og þar voru einnig mörg ár samfellds hagvaxtar. Að auki var mikill hagvöxtur 1953-1955 og á tímabilinu 1984-1987. Raunar er tímabilið 1969-1987 gríðarlega öflugt hagvaxtarskeið með einungis einu samdráttarári (-3,4% árið 1983).


Tímabilið 1996-2008 var næstlengsta stóra hagvaxtarskeiðið, með einu hóflegu samdráttarári og 12 vaxtarárum. Umfang hagvaxtarins á þessu skeiði var samt

2 Gögnin eru frá Hagstofu Íslands og sýna hlutfallslega magnbreytingu vergrar landsframleiðslu á mann frá fyrri ári, á föstu verðlagi. Tölurnar fyrir 2008-2010 eru áætlaðar tölur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og Seðlabanka Íslands og eru þær nokkurri óvissu háðar.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

talsvert minna en á skeiðinu 1969-1987 þegar vaxtarárin voru 13 og mun hærri hagvaxtartölur voru mörg árin. Það vantar því mikið upp á að hagvaxtarangur síðasta áratugar sé meiri en á tímabilinu frá um 1960 til 1980 eða 1960-1987. Þvert á móti standa þessi síðari ár í skugga árangurs fyrri áratuganna.

Mynd 1. Árlegur hagvöxtur á Íslandi 1946-2010 – hlutfallsleg magnbreyting vergrar landsframleiðslu á mann frá fyrra ári, á föstu verðlagi



Vissulega var það svo að hagvöxtur fyrri áratuganna var sveiflukenndur, enda undir miklum áhrifum af vægi sjávarútvegs sem sveiflaðist í senn með hrynjandi náttúrunnar (fiskgengd), aflabrögðum og verðlagi á erlendum mörkuðum. Einnig var þetta tími mikillar verðbólgu vegna hagstjórnarskipanar sem fól í sér tíðar gengisfellingar til að tryggja viðunandi afkomu útflutningsfyrirtækja, ekki síst í sjávarútvegi (Magnús S. Magnússon 1993 og Sigurður Snævarr 1993). Hagvaxtarangurinn var engu síður ótvíræður, bæði með háum vaxtartölum og mörgum samfelldum framfaraárum.

Lítum nánar á hagvaxtarangur áratuganna á lýðveldistímanum. Tafla 1 sýnir beinan samanburð á hagvexti eftir áratugum. Þar má sjá að áratugurinn 1971-1980 hefur sérstöðu, með 52% uppsafnaðan heildarhagvöxt, eða um 5,2% meðalvöxt á ári. Næsthæsti áratugurinn er 1961-1970 með um 32% heildarvöxt eða 3,2% meðalvöxt á ári. Áratugurinn 1991-2000 var einungis með 15,7% heildarvöxt og 1,6% meðalársvöxt og fyrsti áratugur 21. aldarinnar, að teknu tilliti til fyrirliggjandi hagvaxtarspár fram til 2010, gefur einungis 11,9% heildarvöxt eða 1,2% meðalvöxt á ári, sem er næstlægsti árangur eftir tímabilið 1946-1950, en árin 1948-1950 voru mikil erfiðleikaár.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Tafla 1. Hagvöxtur eftir áratugum – uppsafnaður heildarhagvöxtur á tímabilinu og árlegur meðalhagvöxtur

Tímabil	Heildarhagvöxtur (%)	Meðalhagvöxtur á ári (%)
1946-1950	3,1	0,6
1951-1960	25,1	2,5
1961-1970	31,9	3,2
1971-1980	52,2	5,2
1981-1990	16,7	1,7
1991-2000	15,7	1,6
2001-2007	20,4	2,9
2001-2010	11,9	1,2

Heimild: Hagstofa Íslands. Tölur fyrir 2008-2010 eru áætlanir AGS og Seðlabanka Íslands.

Því er ljóst að þegar áratuginir í heild eru bornir saman þá ná síðustu tveir áratugir ekki máli bestu fyrir áratuga, einkum milli 1960 og 1980. Þetta má einnig skoða með öðrum hætti, þ.e. með annarri flokkun tímabila.

Í töflu 2 eru sýnd skeið samfellds hagvaxtar, þ.e. heildarvöxtur tímabilsins og meðalvöxtur á ári. Miðað er við minnst fjögur samfelld hagvaxtarár. Þarna kemur fram að heildarvöxturinn var mestur 1962-1966, 1969-1974 og 1976-1982. Síðustu tvö góðæristímabil, 1996-2001 og 2003-2008, skiludu hins vegar mun minni uppsöfnuðum heildarvexti, jafnvel minna en var áratuginn milli 1951 og 1960.

Í þessum samanburði einstakra góðæristímabila er þó mikilvægara að bera saman meðalvöxt á ári, sem sýnir hversu kröftug einstök góðæri voru (dálkur 3 í töflu 2). Þá kemur í ljós að tímabilin 1953-1956 og síldarárin 1962-1966 voru með hæsta meðalvöxtinn. Síðan kom tímabilið 1969-1974 með aðeins lægri vaxtarþrótt. Síðustu tvö góðærin hafa hins vegar lægsta meðalvöxt á ári, þ.e. tímabilin 1996-2001 og 2003-2008. Það er því fjarri lagi að hagvaxtarárangur í síðasta góðærinu hafi verið meiri en á fyrri góðæriskeiðum eftirstríðaáranna. Góðæri frjálshyggjútímans eftir 1995 eru í reynd lakari en önnur góðæri lýðveldistímans.

Tafla 2. Mestu samfelldu hagvaxtarskeið lýðveldisins – uppsafnaður vöxtur landsframleiðslu á mann á helstu vaxtarskeiðum (%)

Tímabil	Uppsafnaður heildarvöxtur (%)	Meðalvöxtur á ári (%)
1953-1956	27,4	6,9
1962-1966	34,9	6,7
1969-1974	34,5	5,8
1976-1982	30,5	4,4
1984-1987	18,4	4,6
1996-2001	21,6	3,6
2003-2008	20,4	3,4

Heimild: Hagstofa Íslands. Tölur fyrir 2008-2010 eru áætlanir AGS og Seðlabanka Íslands.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Til greina hefði komið að bera sama hagvaxtartölur fyrir einstakar ríkisstjórnir. Það er þó villandi því hagvöxtur er ekki alfarið afleiðing aðgerða ríkisstjórna. Auk þess geta aðgerðir einstakra ríkisstjórna haft afleiðingar út fyrir kjörtímabil þeirra. Til dæmis virðist augljóst að skuldasöfnun árunna 2003-2008 og hrun fjármálakerfisins haustið 2008 mun móta hagvöxt næstu framtíðar, og þá ekki aðeins næstu tveggja til þriggja ára heldur hugsanlega næsta áratugar, óháð því hvaða ríkisstjórnir verða þá við völd. Einnig gætir oft ytri áhrifa sem ríkisstjórnir ráða ekkert við. Tölurnar í töflum 1 og 2 gefa þó ótvíræða vísbendingu um að ríkisstjórnirnar sem setið hafa frá 1995 séu með lakari árangur á stjórnartíma sínum en margar fyrri ríkisstjórnir. Viðreisnarstjórn sjöunda áratugarins og vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar 1971-1974 tengdust til dæmis mun kröftugri hagvaxtar-skeiðum en ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar, hvort sem eigna má þessum stjórnnum hagvaxtarárangur með einhverjum einföldum hætti eður ei.

Í töflu 3 er sjónum beint að samdráttarskeiðum sérstaklega og sýnd helstu kreppuár lýðveldistímans. Tölur fyrir 2009-2010 eru áætlanir Alþjóðagjald-eyrissjóðsins (AGS) og Seðlabanka Íslands.

Tafla 3. Mestu samdráttarskeið lýðveldisins – uppsafnaður samdráttur landsframleiðslu á viðkomandi samdráttarskeiði (%)

Tímabil	Heildarsamdráttur (%)
1948-1952	-14,7
1967-1968	-9,5
1988-1992	-8,2
2009-2010	-10,3

Heimild: Hagstofa Íslands. Tölur fyrir 2008-2010 eru áætlanir AGS og Seðlabanka Íslands.

Sjá má að á árunum 1948-1952 var uppsafnaður samdráttur mestur en áætlanir fyrir yfirstandandi kreppu eru næststærsta áfallið. Rétt er að benda á að hagvaxtar-tölurnar einar og sér eru ekki einhlítar sem mælikvarði á byrðarnar sem kreppurnar hafa valdið. Þetta gildir sérstaklega um núverandi kreppu sem er auðvitað algerlega einstök og felur í sér ný vandamál sem tengjast skuldasöfnun og hruni fjármálakerfisins sem ekki hefur gætt á fyrri samdráttarskeiðum.

Fróðlegt er að sjá að samdráttur þjóðarframleiðslu sem fylgdi hruni síldarstofnsins og verðlækkunum á erlendum fiskmörkuðum 1967-1968 slagar hátt í það sem áætlað er að samdráttur þjóðarframleiðslunnar verði á næstu misserum. Þá varð kjaraskerðing mikil, atvinnuleysi náði hæst 4% af vinnuafli og talsverður landflótti varð frá landinu. Nú er gert ráð fyrir meiri kjaraskerðingu næstu tvö árin, meiri skuldabyrði, herra atvinnuleysisstigi og hugsanlega getur brottflutningur Íslendinga til grannríkjanna orðið meiri en áður hefur sést á jafnskömmum tíma.

Í samantekt má segja að hagvaxtarárangur góðærisins frá 1996 annars vegar og hins vegar frá 2003 sé markvert minni en var á tímabilinu 1960-1980 eða þar um bil, og jafnvel 1960-1987. Ef velja ætti einhverju skeiði lýðveldistímans heitið


Stjórnmál og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

„Íslenska efnahagsundrið“ þá er tímabilið 1960-1980 augljóslega nærtækast. Á þeim tíma náði Ísland því að tilheyra hópi 10-15 hagsælustu ríkja jarðarinnar. Árið 1980 var Ísland einnig í öðru sæti á lista Sameinuðu þjóðanna yfir þær þjóðir sem voru taldar hafa bestu lífsgæði í heimi, en það er mæling sem byggist á hagsældarstigi, heilsufari og menntun öðru fremur.

II. Kaupmáttarþróun á Íslandi frá 1955 til nútímans

Þótt almennt megi gera ráð fyrir að náð samband sé milli hagvaxtar og kaupmáttaraukningar þjóða er slíkt samband ekki algerlega einhlítt. Því er ástæða til að skoða þróun kaupmáttar almennings með svipuðum hætti og hagvöxtinn. Á mynd 2 er sýnd þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna 1955-2009 (með áætluðum tölum AGS og Seðlabanka fyrir 2008 og 2009). Gögnin koma annars vegar úr *Sögulegum hagtölum* Þjóðhagsstofnunar og fyrir seinni árin er byggt á sambærilegum tölum Hagstofu Íslands. Ekki eru aðgengileg sambærileg gögn eldri en frá 1955.

Mynd 2. Þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna á Íslandi 1955-2009 – hlutfallsleg breyting frá fyrra ári.



Myndin sýnir á svipaðan hátt og mynd 1 yfirlit þróunarinnar með skýrum hætti og má glögglega sjá að kaupmáttaraukning 1995-2000 og síðan 2003-2007 var talsvert minni en á bestu skeiðum síldaráranna og á áttunda áratugnum. Auk þess var mikil kaupmáttaraukning 1985-1987 og vegur „skattlausa árið“ 1987 mest í því sambandi, en þá var tekin upp staðgreiðsla skatta sem magnaði upp kaupmáttaraukninguna það árið, m.a. á kostnað þeirra ára sem á eftir komu. Gert er ráð fyrir um 20% kaupmáttarskerðingu árin 2008 og 2009, en þá er ekki tekið tillit til skattahækkana sem líklegt er að taki gildi frá 2009 eða 2010.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Þannig er alveg ljóst af myndinni að góðæri frjálshyggjutímans síðasta rúma áratuginn stendur fyrri kjarabótaskeiðum lýðveldistímans talsvert að baki.

Í töflu 4 má sjá beinni samanburð á kaupmáttarþróun eftir áratugum. Þar blasa miklir yfirburðir tímabilsins 1960-1980 við. Samanlögð kaupmáttaraukning fyrri áratugarins var 51,5% og þess síðara 56,7%. Samtals báða áratuginna jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna um hátt í 110%, þrátt fyrir að tímabilið innihaldi næststærstu kreppu þjóðarinnar eftir seinni heimsstyrjöld, þ.e. síldarhrunið 1967-1969, en þá minnkaði kaupmáttur almennings mikið á skömmum tíma. Áratugirnir eftir 1990 og eftir árið 2000 eru rétt hálfdrættingar áratuganna milli 1961 og 1980.

Tafla 4. Kaupmáttaraukning eftir áratugum – uppsöfnuð aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna eftir áratugum og meðalaukning á ári (%)

Tímabil	Heildaraukning kaupmáttar (%)	Meðalaukning á ári (%)
1955-1960	11,2	1,9
1961-1970	51,5	5,2
1971-1980	56,7	5,7
1981-1990	22,1	2,2
1991-2000	22,9	2,3
2001-2007	29,8	3,0
2001-2009	9,6	1,0

Heimildir: Þjóðhagsstofnun, *Sögulegar hagtölur* og Hagstofa Íslands. Tölur fyrir 2008 og 2009 eru spá AGS og Seðlabanka Íslands.

Meðalaukning kaupmáttar á ári segir sömu sögu nema á fyrsta og síðasta tímabilinu (sem hvorugt nær fullum áratug). Árlegur meðalvöxtur kaupmáttar var 5,2-5,7% á góðæristímanum 1960-1980, sem er meira en tvöfalt það sem varð 1991-2000 og meira en fimmfalt það sem verður fyrir tímabilið 2001-2009, ef fyrirbyggjandi spár um hrun kaupmáttar í yfirstandandi kreppu ganga eftir. Gert er ráð fyrir rúmlega 20% kjaraskerðingu 2008 og 2009. Í töflu 5 má sjá hvernig þetta er í samanburði við stærstu kjaraskerðingar frá sjöunda áratugnum.

Tafla 5. Mestu kaupmáttarskerðingar – uppsöfnuð kaupmáttarskerðing á helstu samdráttarskeiðum (%)

Tímabil	Uppsöfnuð kaupmáttarskerðing
1967-1969	-17,2
1988-1990	-16,7
1992-1994	-10,1
1988-1994	-24,3
2008-2009	-20,3

Heimildir: Þjóðhagsstofnun, *Sögulegar hagtölur* og Hagstofa Íslands. Tölur fyrir 2008 og 2009 eru spá AGS og Seðlabanka Íslands.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Uppsöfnuð kaupmáttarskerðing tímabilsins 1988-1994 var þó meiri, enda um lengra tímabil samdráttar landsframleiðslu og stöðnunar í efnahagslífi að ræða. Rétt er þó að ítreka að núverandi kreppa gæti staðið lengur en í tvö ár og ekki víst hversu djúp hún kann að verða.

Annað athyglisvert við þetta yfirlit um kaupmáttarskerðingar og samdrátt hagvaxtar er að kjaraskerðingarnar eru alltaf meiri en nemur samdrætti landsframleiðslunnar. Þannig tengdist tæplega 10% samdráttur landsframleiðslu 1967-1968 um 17% kjaraskerðingu. Rúmlega 8% samdráttur landsframleiðslu 1988-1994 tengdist um þrisvar sinnum meiri kjaraskerðingu og nú er áætlað að kjaraskerðing verði tvöfaldur samdráttur landsframleiðslu á næstu tveimur árum. Sú staðreynd að kjaraskerðingarnar eru jafnan meiri en samdráttur framleiðslunnar bendir til að almenningur taki jafnan á sig stærri hluta áfallanna en fyrirtækin.³ Það kann hins vegar að eiga þátt í því að hér á landi hefur tekist að halda atvinnuleysi í kreppum með minnsta móti. Hvort sú verður raunin að þessu sinni skal ósagt látið.

Að lokum er hér samanburður á vaxtarhraða landsframleiðslu og kaupmáttar á áratugunum eftir 1960 (tafla 6).

Tafla 6. Samanburður á árlegum hagvexti og kaupmáttaraukningu 1961-2007

Tímabil	Meðalhagvöxtur á ári (%)	Meðalaukning kaupmáttar á ári (%)
1961-1970	3,2	5,2
1971-1980	5,2	5,7
1981-1990	1,7	2,2
1991-2000	1,6	2,3
2001-2007	2,9	3,0

Heimildir: Þjóðhagsstofnun, *Sögulegar bagtölur* og Hagstofa Íslands.

Kaupmáttarþróunin var almennt hagstæðari á sjöunda áratugnum en vöxtur framleiðslunnar gaf tilefni til (5,2% kaupmáttaraukning á móti 3,2% aukningu hagvaxtar á ári). Samræmi var meira á áttunda áratugnum. Næstu tvo áratugina þar á eftir jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna að jafnaði heldur meira en landsframleiðslan og 2001-2007 voru þessar stærðir svipaðar.

Á heildina litið má því segja að kaupmáttaraukning almennings hafi verið talsvert meiri á tímabilinu 1960 til um 1980 en verið hefur á árunum eftir 1990. Sama á við um samanburðinn við tímabilið frá 2001. Það stendur góðærum fyrri áratuga lýðveldistímans talsvert að baki. Líkt og á við um hagvaxtarþróunina, þá má segja að tímabilið frá 1960 til um 1980 sé mun nær því að mega telja „efnahagsundur“, þegar horft er til kaupmáttarþróunar almennings.

Það er því engum blöðum um að fletta að allt tal um að góðæri síðustu 10-12 ára sé einstakt og viðameira en áður hefur þekkt hér á landi er algerlega úr lausu

3 Sjá nánar um þessa þróun í Stefán Ólafsson (1984). *Modernization and Social Stratification in Iceland*. Oxford University, Nuffield College, óbirt doktorsritgerð.


Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

lofti gripið. Þegar auk þess er hugað að því hver grundvöllur góðærisins frá 2003 var hallar enn frekar á tilgátuna um íslenskt efnahagsundur á þessum síðustu árum.

III. Góðærið síðan 2003 var byggt á skuldasöfnun

Dæmigerð birtingarmynd þess veikleika sem oft leiðir til fjármálakreppu er óvenjumikil skuldasöfnun, ekki síst erlendar skuldir. Á mynd 3 má sjá yfirlit yfir hvernig þróun skuldsetningar íslenska þjóðarbúsins var háttað í aðdraganda fjármálahrunsins. Myndin sýnir erlendar langtímaskuldir þjóðarbúsins, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, frá 1947 til fyrri hluta árs 2008. Frá 1976 er einnig sýnd erlend skuldastaða brúttó (bæði langtíma- og skammtímaskuldir) og frá 1978 er einnig sýnd hrein skuldastaða gagnvart útlöndum, þ.e. skuldir umfram eignir erlendis, einnig sem hlutfall vergrar landsframleiðslu.

Mynd 3. Erlendar skuldir þjóðarbúsins – brúttóskuldastaða, langtímaskuldir og hrein erlend skuldastaða, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu




Myndin segir þá sögu að þjóðin hóf feril sinn sem sjálfstætt ríki í lok seinni heimsstyrjaldarinnar nær skuldlaus og átti að auki væna sjóði erlendis eftir fiskútflutning á stríðsárunum. Frá 1960 hækkaði skuldastaðan, í kjölfar breyttrar skipanar efnahagsmála og með uppbyggingu síldarflotans. Síðan jukust skuldirnar aðeins á áttunda áratugnum með mikilli fjárfestingu í skuttogarafлотanum, endurnýjun fiskvinnslustöðva um land allt og með miklum vegaframkvæmdum, svo nokkuð sé nefnt. Á hagvaxtarárunum miklu milli 1960 og 1980 var skuldastaða þjóðarbúsins samt hófleg í samanburði við aðrar þjóðir á þeim tíma og algerlega hverfandi í samanburði við það sem síðar varð. Aukin skuldsetning sem tengdist kreppunni 1967-1969, í kjölfar hruns síldarstofnsins, sést varla á myndinni.

Stjórnmál og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Hin miklu umskipti sem urðu frá og með árinu 1995 hófust með því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) tók gildi, en honum fylgdi meðal annars fullt frelsi til fjármagnsflutninga til og frá landinu. Það var auðvitað ný reynsla fyrir Íslendinga, algerlega nýtt umhverfi fyrir fjármálaheiminn og atvinnulífið. Önnur stórtíðindi af sama sviði komu svo með einkavæðingu ríkisbankanna, sem hófst 1997 og lauk að fullu 2003. Þá voru stóru ríkisbankarnir að fullu komnir í eigu einkaaðila. Við ábyrgð á bankastarfsemi í landinu tóku menn sem ekki aðeins höfðu litla sem enga reynslu af alþjóðlegri bankastarfsemi heldur störfuðu þeir einnig í umhverfi sem var alveg nýtt fyrir Íslendinga.

Skemmst er frá því að segja að nýir eigendur bankanna tóku strax til við að breyta hinum gamalgrónu viðskiptabönkum í fjárfestingarbanka sem sóttu djárflega á erlenda markaði til lánsfjáröflunar, sem var auðsótt á þeim tíma og á hagstæðum vöxtum. Eins og mynd 3 sýnir er eins og allar flóðgáttir hafi opnast og skuldum var safnað eins og ekki væri gert ráð fyrir neinum skuldadögum. Fjármálahagfræðin kennir að óvenjuör aukning erlendra skulda og mikil hækkun húsnæðisverðs og hlutabréfaverðs sem oft fylgir í kjölfarið séu ótvíræð merki um vaxandi hættu á fjármálakreppu (Kindleberger og Aliber 2005). Í ljósi þess hversu ör slík þróun varð á Íslandi eftir 2003 vekur furðu hversu langt var hægt að ganga á þessari braut án viðnáms. Lítil sem engin merki eru um að viðvaranir Seðlabanka landsins vegna ógnunar við fjárhagslegan stöðugleika hafi verið neitt kröftugri eða meira afgerandi en var fyrir fulla einkavæðingu bankanna.⁴

Mynd 4. Hrein skuldastaða þjóðarþúsins árið 2005, í fjölþjóðlegum samanburði – erlendar og innlendar skuldir umfram eignir árið 2005, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu



4 Sjá ársskýrslur Seðlabanka Íslands 2000-2007 og einnig skýrslur bankans um fjármálastöðugleika og peningamál.

5 Heimild: AGS og Seðlabanki Íslands.


Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Strax árið 2005, eða tæpum tveimur árum eftir einkavæðingu bankanna, var Ísland orðið skuldugasta land í heimi, eins og sjá má á mynd 4.⁵ Frá þeim tíma lætur nærri að skuldastaðan hafi þrefaldast, áður en hún magnaðist svo enn frekar með hruni gjaldmiðilsins og falli bankanna haustið 2008, eins og sjá má á mynd 3.

Á mynd 4 eru einungis birtar tölur fyrir OECD-ríkin. Næstu nágóranar Íslands í neðri enda skuldugustu þjóðanna voru ýmsar þróunarþjóðir sem eru illa staddar efnahagslega, svo sem Líbanon, Laos, Kirgistan, Myanmar og Gana. Af þróaðri löndum eru Ungverjar næstir Íslendingum á þessum tíma, auk Nýsjálandinga, Grikkja og Portúgala.⁶ Á hinum enda myndarinnar eru svo þær þjóðir sem standa hvað best og eiga mun meiri eignir erlendis en skuldir. Þar eru fremstir Svisslendingar, Lúxemborgarmenn, Norðmenn og Japanir.

Staða Íslendinga var þannig þegar árið 2005 orðin afar gagnrýniverð, með skuldir umfram eignir sem voru ríflega fimmtungi meiri en ein þjóðarframleiðsla. Brúttóskuldir voru á þessum tíma auðvitað orðnar mun hærri (hátt í 300% af vergri landsframleiðslu). Brúttóskuldir mæla ef til vill betur hættustigið sem fylgir skuldastöðunni, því eignaverð eru viðkvæm og falla gjarnan á samdráttarskeiðum og hrynja í kreppum, eins og nú er orðið, en skuldirnar aukast hins vegar gjarnan við slíkar aðstæður. Það að eignir séu sagðar á móti miklum skuldum er því algerlega ófullnægjandi ef hliðsjón er höfð af áhættunni. Mynd 4 sýnir hins vegar að skuldir Íslendinga erlendis voru þegar árið 2005 orðnar talsvert meiri en eignirnar, þótt enn gætti hás verðs á eignum almennt. Skuldirnar jukust í reynd mun örar en eignirnar, sem bendir að auki til þess að umtalsverður hluti fjárfestinga erlendis hafi ekki verið nægilega arðbær (Daníel Svavarsson og Pétur Örn Sigurðsson 2007).

Mynd 5. Skuldir heimilanna við lánakerfið 1990-2006 – sundurgreining eftir lánveitendum (upphæðir í milljörðum króna)



6 Sjá nánar grein Daníels Svavarssonar og Péturs Arnar Sigurðssonar 2007.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Á mynd 5 er loks sýnd þróun skulda heimilanna á Íslandi 1990-2006, í milljörðum króna.

Skuldir heimilanna tóku að aukast örur en fyrir frá 1997, er húsnæðisverð fór hækkandi. Síðan tók við mun örari aukning skuldasöfnunar heimilanna eftir 2003, þegar bankarnir voru komnir í einkaeigu. Myndin sýnir einnig hvernig hlutur einkabankanna sem lánveitenda var mest afgerandi í þróuninni frá 2003, en frá þeim tíma dróst hlutur Íbúðalánasjóðs aftur úr, vegna samkeppni frá bönkunum á markaði fyrir húsnæðislán. Framkvæmd húsnæðislánastefnu einkabankanna gerði almenningi reyndar einnig kleift að auka neyslu með lánsfé í meiri mæli en áður hafði verið. Slíkt býður auðvitað hættunni heim, eins og komið hefur á daginn eftir hrun fjármálageirans 2008. Íslensk heimili voru orðin ein þau skuldugustu í heimi í aðdraganda fjármálahrunsins. Nú þegar út í krepuna er komið þarf ríkisvaldið að skuldsetja sig um hátt í eina landsframleiðslu, en þær skuldir verða að öllum líkindum einkum greiddar af heimilunum, sem leggst við þá byrði sem þau höfðu áður skapað sér. Staða íslenskra heimila í upphafi krepunnar er því afar erfið.

Þegar allt er samantekið úr ofangreindri lýsingu á skuldasögu íslenska þjóðarþúsins á síðustu árum, einkum eftir að bankarnir höfðu verið einkavæddir, má ljóst vera að góðærið frá 2003 var að stærstum hluta byggt á stórtækri skuldasöfnun, sem sennilega er algjört einsdæmi í seinni tíma sögu vestrænna þjóða.⁷ Það er einmitt þessi skuldsetning sem nú hefur keyrt þjóðina í þrot. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að fjármálakreppan á Íslandi verði hugsanlega stærsta og dýrasta fjármálakreppa sögunnar, í hlutfalli við þjóðarþúskaðinn.⁸

IV. Frá frjálshyggjutilraun til fjármálahruns

Kreppan á Íslandi, sem skall á af fullum krafti í október 2008, er um flest dæmigerð fjármála- og gjaldmiðilskreppa, sem orsakaðist af auknu frelsi á fjármálamarkaði, veiktu eftirlits- og aðhaldskerfi hins opinbera, nýmælum í vinnubrögðum ný-einkavæddra banka og frjálshyggju aðgengi að lánsfé. Hið aukna fjármagn í umferð kynti undir þenslu í framkvæmdum og neyslu, stórhækkaði eignaverð, einkum á íbúðarhúsnæði og hlutabréfum. Mikið innflæði erlends lánsfjár magnaði þennan feril stórlega og hækkaði gengi krónunnar upp fyrir það sem eðlilegt gat talist.⁹

7 Frjálshyggjumaðurinn sem vísað var til á fyrstu síðu þessarar greinar spurði hvaðan íslensku vikingarnir hafi fengið fé til að kaupa fyrirtæki hér og erlendis? Hann nefndi ekki skuldsetninguna, sem þó var helsta fjármögnunarleiðin, en tiltók í staðinn nokkrar tilgátur upp úr kenni-setningum frjálshyggjunnar. Þær virðast hins vegar vera í frekar litlu samræmi við veruleikann, enda er með þeim gefið í skyn að fé hafi í stórum stíl sprottið upp af engu hér á landi.

8 Sjá umfjöllun á heimasíðu sjóðsins. Slóðin er á viðtal frá 2. desember 2008: "Iceland Gets Help to Recover From Historic Crisis" (<http://www.imf.org/external/pubs/ft/survey/so/2008/INT111908A.htm>).

9 Sjá skýringar á dæmigerðum fjármálakreppum í ritunum *Manias, Panics and Crashes: A History of Financial Crises* (Kindleberger og Aliber 2005); *Understanding Financial Crises* (Allen og Gale

Stjórnmál og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Þessu fylgdu klassísk einkenni ofþenslu og eignaverðsbólu á uppsveiflunni, með gríðarlegum hækkunum á verði húsnæðis og hlutabréfa sem fljótlega birtust sem óhófleg og ósjálfbær skuldasöfnun erlendis, einkum í nafni íslensku bankanna. Fjármagninu var svo fleytt til ágóðasækinna athafnamanna, sem notuðu það til ævintýralegrar spákaupmennsku á lítt þroskuðum hlutabréfamarkaði innanlands þar sem regluverkið virðist hafa verið óvenjulauslegt, sem bauð upp á vafasama viðskiptahætti skyldra aðila, hagræðingu verðmyndunar á hlutabréfamarkaði og myndun krosseignatengsla sem vöktu í fyllingu tímans mikla athygli erlendis fyrir áhættuna sem óhjákvæmilega fylgdi slíkri skipan mála.¹⁰ Að auki gerðust helstu spákaupmennirnir stórtækir til kaupa á eignum erlendis, einkum fyrirtækjum og fasteignum.

Sú staðreynd að þessir spákaupmenn fengu fljótlega á sig hið þjóðlega auðkenni „útrásarvíkingar“, gerði að verkum að jákvæður og hetjulegur blær var yfir þessu háttarlagi sem þó augljóslega keyrði langt úr hófi fram og fól í sér gríðarlega áhættu. Margir töldu að hér væru snillingar á ferð og hugmyndafræðingar frjálshyggjunnar hrópuðu í sífellu „öfund! öfund! öfund!“ ef nokkur vogaði sér að efast um að allt væri með felldu, eða ef sagt var að ofurlaun og ofsagróði kynnu að vera að fara úr böndunum. Einnig var því haldið á lofti að fólki kæmi þetta ekki við, enda væru þessir aðilar að sýsla með eigið fé, af eigin hyggjuviti og á eigin ábyrgð. Á daginn hefur hins vegar komið að iðjan var byggð á lánsfé, sem ráðstafað var af litlu hyggjuviti og engri fyrirhyggju, sem svo hefur fært ábyrgðina yfir á saklausan almenning Íslands. Afleiðinganna mun hugsanlega gæta um áratugi.

Margir túlka alþjóðafjármálakreppuna sem nú ríkir í anda Minskys, Kindleberger og Aliber á þann veg að afnám reglugerða og veiking opinbers eftirlits, aukin trú á getu óheftra markaða til að stilla sig af og leita jafnvægis, ýmis nýmæli (afleiður, skuldabréfavafningar og skuldtryggingar) og áhættuhvetjandi bónuskerfi í fjármálageiranum hafi getið af sér vaxandi lausung sem gerði of mikla skuldasöfnun og áhættutöku mögulega.¹¹ Alan Greenspan, frjálshyggjumaður og seðlabankastjóri Bandaríkjanna í hátt á annan áratug, beitti sér fyrir afnámi reglugerða og eftirlits á ýmsum sviðum fjármálageirans og streittist sérstaklega gegn

2007); og *Stabilizing an Unstable Economy* (Minsky 2008). Minsky er frægur fyrir kenningu sína um hneigð fjármálamarkaða til óstöðugleika. Hann sýndi m.a. hvernig demigerður ferill fjármálakreppu felur í sér fimm stig: 1. Spannandi nýmæli koma fram á fjármálamörkuðum (aukið frelsi, nýjar aðferðir); 2. Uppsveifla verður með góðærisþenslu (auknar framkvæmdir og neysla vegna aukins fjármagns í umferð); 3. Græðgin sleppur laus (*euphoria*); 4. Gróði spákaupmanna magnast upp; 5. Bláðran springur með hruni (*panic*). Sjá einnig grein eftir Reinhart og Rogoff (2008) þar sem bandaríska undirmálslánakreppan er borin saman við helstu kreppur síðustu áratuga í þróuðu löndunum og sameiginleg einkenni dregin fram.

10 Sjá nýlegar greinar Jóns Steinssonar hagræðings í íslenskum blöðum um þetta efni og nýlega erlenda heimild um losaralegar reglugerðir á Íslandi í samanburði aðrar vestrænar þjóðir, sem hann vísar í: Djankov o.fl. 2008.

11 Sjá til dæmis vandaða umfjöllun um alþjóðlegu fjármálakreppuna og bandarískar hliðar hennar á vefjum New York Times (www.nytimes.com) og Financial Times (www.ft.com), einkum hagræðivettvangi Martins Wolf (Economists' forum) í síðarnefnda blaðinu.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

stífu eftirliti með hinum nýju vörum fjármálamarkaðanna, sem nú eru sögð ein helsta rót alþjóðlega fjármálavandans.¹² Þannig virðist ljóst að vaxandi frjálshyggja á fjármálamörkuðum er helsta almenna rót vandans. Á Íslandi voru skrefin í átt til frjálshyggjunnar að mörgu leyti róttækari, auk þess sem þau fóru fram í sérstöku og viðkvæmu umhverfi, þar sem talsverð hætta var vegna reynsluleysis Íslendinga í alþjóðlegri fjármálastarfsemi. Mikil samþjöppun valds í höndum frjálshyggjumannanna í Sjálfstæðisflokknum gerði að auki mögulega mjög öra innleiðingu breytinga í átt til róttækra frjálshyggjuhátta.

Hlutirnir gerðust hratt eftir að frelsi til fjármagnsflutninga hafði verið innleitt með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EEA) árið 1995. Einkavæðing bankanna hófst 1997 og lauk að fullu snemma árs 2003. Á Íslandi var því lítil reynsla af alþjóðlegri bankastarfsemi við nýfengið frelsi til fjármagnsflutninga. Öll merki eru einnig um að aðhaldssemi regluverksins hér á landi hafi verið lítil, meðal annars vegna þess að opinber stjórnvöld og eftirlitsrekstur hafði verið talaður niður um langt árabil af róttækum frjálshyggjumönnum. Þegar leiðtogi frjálshyggju- og einkavæðingarstefnunnar, Davíð Oddsson, settist svo á stól seðlabankastjóra árið 2005, um það bil sem skuldaþróunin var orðin hættulega langt gengin, voru litlar líkur á því að hann gæti veitt einkabönkunum nauðsynlegt aðhald eða byggt upp nægjanlegar varnir og öryggiskerfi, en það er eitt helsta hlutverk Seðlabanka Íslands að tryggja fjármálalegan stöðugleika þjóðarbúsins. Mikill vöxtur og hagnaður bankanna, ásamt ævintýrlegum lýsingum á meintum afrekum útrásarvíkinganna í fjölmiðlum var gjarnan túlkað sem merki um mikinn árangur af frjálshyggjustefnu ríkisstjórna Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar. Það hefði því krafist mikilla fórna og sjálfsaga af seðlabankastjóranum að hefta framgang einkabankanna, auk þess sem það gekk gegn afskiptaleyis-stefnu hinnar róttæku frjálshyggju sem var helsta leiðarljósið á æðstu stöðum stjórnkerfisins.

Frjálshyggjustefnunni hafði vaxið ásmegin eftir því sem leið á stjórnartíma Davíðs Oddssonar, en hann hófst 1991. Frá 1995 fór hún mjög vaxandi og náði svo hámarki með einkavæðingu ríkisbankanna milli 1997 og 2003. Fram að þeim tíma hafði hennar einkum gætt í einkavæðingu minniháttar fyrirtækja í ríkiseigu, aðhaldi í greiðslum úr opinbera lífeyriskerfinu, rýrnandi barnabótum og vaxtabótum vegna íbúðarkaupna, auk þess sem skattastefnan létti stórlega skattbyrði af fyrirtækjum, fjárfestum og stóreignafólki, um leið og skattbyrði lágtekjufólks var hins vegar stóraukin (Stefán Ólafsson 2007; sjá einnig Friðrik Mál Baldursson o.fl. 2008).

Náinn samstarfsmaður Davíðs Oddssonar og stuðningsmanna hans er Hannes Hólmsteinn Gissurarson sem hefur verið helsti hugmyndafræðingur frjálshyggjunnar hér á landi. Hann flutti til landsins marga mestu áhrifamenn frjálshyggjunnar á Vesturlöndum til fyrirlestrahalds og funda með forystumönnum í Sjálf-

12 Warren Buffet, fjármálamaðurinn kunnur, kallaði þessar nýju vörur einmitt „fjárhagsleg gjöreyðingarvopn“ (*financial weapons of mass destruction*), löngu áður en út í kreppuna í Bandaríkjunum var komið.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

stæðisflokknum, auk þess sem hann hefur af miklum dugnaði breitt út boðskapinn á prenti og í fjölmiðlum. Hann var einnig um hríð varaforseti samtakanna Mont Pelerin, sem eru alþjóðasamtök róttækra frjálshyggjumanna, og bauð hann gjarnan áhrifamönnum úr Sjálfstæðisflokknum með sér á fundi samtakanna.¹³

Hannes Hólmsteinn skrifaði meðal annars bókina *Hvernig getur Ísland orðið ríkasta land í heimi?*, árið 2001, en hún gefur óvenju skýra mynd af heildstæðri áætlun um að breyta Íslandi í skattaparadís fyrir auðmenn og fyrirtækjaeigendur, með algerlega óhefta markaðshyggju að leiðarljósi. Eftir þessari áætlun virðist hafa verið unnið nokkuð markvisst af ríkisstjórnnum Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, einkum þegar á leið. Eftirfarandi er samantekt Hannesar sjálfs um áætlunina um að breyta Íslandi í fyrirmyndarríki frjálshyggjunnar og er það sett fram í bókinni undir kaflaheitinu „Kröfur nýrrar kynslóðar“:

Ef Íslendingar vilja örva íslenskt atvinnulíf og laða að erlent fjármagn, svo að land þeirra verði hið ríkasta í heimi, þá verða stjórnvöld að: 1) setja lög um þagnarskyldu banka og annarra fjármálastofnana, nema gegn dómsúrskurði; 2) lækka tekjuskatt á fyrirtæki í 10%; 3) fella niður eignaskatt á fyrirtæki; 4) fella niður og lækka ýmis stimpilgjöld; 5) fjölga tvísköttunarsamningum við önnur ríki; 6) fella niður, einfalda, samræma og lækka margvísleg leyfis- og rekstrargjöld, skattleggja söluhagnað af hlutabréfum sem fjármagnstekjur, auðvelda kaupréttarsamninga fyrirtækja við starfsfólk og hækka hámarksupphæð frádráttarbærra hlutafjárkaupa á einstakling. Þegar tekjur ríkisins af tekjuskatti á fyrirtæki hafa aukist í krafti þessara aðgerða og svigrúm þannig myndast fyrir ríkissjóð (*Ath. SÓ: Þetta er auðvitað mótsögn*), eru næstu skref að bæta kjör almennings með því að: 7) fella niður almenn vörugjöld og aðflutningsgjöld, en innheimta aðeins vörugjöld af ökutækjum og eldsneyti eins og nemur kostnaði af þjónustu við eigendur ökutækja; 8) fella niður erfðaskatt á einstaklinga; 9) fella niður eignaskatt á einstaklinga og 10) lækka tekjuskatt á einstaklinga niður í 10%, sem renni óskiptur til sveitarfélaga.

Margt fleira mætti vitaskuld gera til að auka verðmætasköpun á Íslandi. Eitt er að nýta betur kosti einkaeignarréttar. Í því sambandi er nauðsynlegt að treysta kvótakerfið í sjávarútvegi með því að viðurkenna með lögum eignarrétt handhafa kvótanna á þeim, leyfa frjálst framsal kvóta og fela samtökum útgerðarmanna að ákveða leyfilegan heildarafla hvers árs í einstökum

13 Ásamt Ragnari Árnasyni prófessor í hagfræði stofnaði Hannes Hólmsteinn RSE – Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál (www.rse.is), að fyrirmynd bandarískra „neo-conservative think tanks“, en það eru áróðursstofnanir fyrir róttæka frjálshyggju sem reyna að skreyta áróðursstarf sitt með yfirbragði fræðimennsku. RSE hefur m.a. reiknað út svokallaða „frelsis-vísitölu“ samkvæmt formúlu amerískra systurstofnana sinna (*Fraser Institute*), en hún mælir hversu vel tekst að sveigja þjóðir í átt til aukins frelsis fjárfesta og atvinnurekenda, oft á kostnað almennings og velferðarþjónustu hins opinbera, enda eru opinber útgjöld til velferðarmála talin til „ófrelsis“ í skýrslum þessara frjálshyggjustofnana.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

fiskistofnum og kosta rekstur kerfisins, eftirlit, rannsóknir og þróun. Því miður eru litlar líkur á slíkum umbótum í náninni framtíð vegna linnulauss áróðurs gegn sjávarútvegi, sem nokkrir reykvískir menntamenn hafa stundað og haft hefur víðtæk áhrif. Enn fremur má benda á margvíslegt eigendalaust fjármagn á Íslandi, til dæmis í sparisjóðum, kaupfélögum, samvinnufélögum og lífeyrissjóðum. Þetta er „fjármagns án hirðis“, eins og Pétur Blöndal alþingismaður hefur sagt: Enginn ber ábyrgð á því, nýtur skynsamlegrar ávöxtunar þess og geldur óskynsamlegrar. Brýnt er að koma þessu fjármagni í hendur vel skilgreindra eigenda, fá einhvern til að hirða um það. Í þriðja lagi má nefna eigendalaus svæði, einkum hálendi landsins. Það var skref í ranga átt, þegar sérstakur yfirráðaréttur ríkisins yfir slíkum svæðum („þjóðlendum“) var viðurkenndur að lögum. Nærtækara hefði verið að færa út yfirráð sveitarfélaga og jarðeigenda og auðvelda síðan verðlagningu slíkra svæða í viðskiptum. Menn kunna ekki að meta umhverfið, nema þeir geti metið það til fjár.

Annað mikilvægt verkefni er að halda áfram umbótum í opinberum rekstri. Lækka þarf myndarlega margvísleg útgjöld ríkisins með því að leggja niður óþarfar stofnanir eða láta á það reyna, hvort þær geti staðið undir sér, jafnframt því sem notendum opinberrar þjónustu sé gert að greiða fyrir hana ... Eðlilegt er líka, að ríkið selji ekki aðeins hlut sinn í bönkum og símafyrirtækjum, heldur líka í Landsvirkjun, rafmagnsveitum og öðrum almenningsveitum að ógleymdri Áfgengis- og tóbaksverslun ríkisins. Það myndi síðan stuðla að betri nýtingu fjármuna og styrkja íslensku bankana verulega, fengju þeir að taka að sér þau verkefni fyrir húsbýggjendur og námsmenn, sem Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna sinna nú. (bls. 154-156).

Þetta er áætlun um að gera afar róttæka tilraun á íslensku samfélagi. Gera landið að skattaparadís fyrir fyrirtækjæigendur, auðmenn og hátekjufólk, í anda smá-ríkjanna í karabíska hafinu eða á Ermasundseyjum. Slíkar skattaparadísir samrým-ast ekki rekstri velferðarríkis, enda að öðru jöfnu ekki hægt að afla nægilegra skatttekna til þess í slíku umhverfi. Þess vegna var það hluti af áætluninni að skera stórlega niður útgjöld hins opinbera og leggja niður ríkisstofnanir, en taka í staðinn upp notendagjöld til að fjármagna þá þjónustu sem kynni að verða veitt, væntanlega af einkaaðilum á markaði frekar en af opinberu velferðarríki. Hugmyndin gengur enda út á að afnema allar tekjur sem ríkið hefur haft af tekjusköttum einstaklinga og skilja einungis eftir 10% skatt (útsvar eins og nú er) til sveitarfélaga.

Þá er gert ráð fyrir víðtækri einkavæðingu, ekki einungis á bönkum og símafyrirtækjum, heldur einnig á orkuveitum og almenningsveitum (vatnsveitum, rafmagnsveitum), hálendinu (þar með talið orkuauðlindum þjóðarinnar), sparisjóðum, kaupfélögum, samvinnufélögum og einnig sjálfum lífeyrissjóðum launafólks. Þetta er allt kallað „fé án hirðis“ og sagt að enginn beri ábyrgð á því né njóti þess.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Það er sagt brýnt að koma þessum verðmætum í hendur einkaaðila sem geti víxlað með það og notið þess eða tapað því ef miður tekst í spákaupmennsku markaðarins. Loks er hvatt til þess að færa útvegsmönnum veiðiréttinn á Íslandsmiðum í fullgilda einkaeign (en hann telst enn þjóðareign samkvæmt stjórnarskrá), auk þess sem lagt er til að verkefnum Íbúðalánasjóds og Lánasjóds námsmanna verði komið í hendur einkabankanna, þeim til styrktar.

Þetta er án efa ein allra róttækasta áætlunin sem sést hefur um að gjörbreyta vestrænu velferðarríki í eins konar paradís fyrir auðmenn. Eins og ég hef sýnt í greininni „Skattastefna Íslendinga“ í þessu tímariti (haust 2007), þá hefur margt af því sem lýtur að skattamálum í þessari áætlun þegar verið sett í framkvæmd (t.d. mikil lækkun fyrirtækjaskatta, eignaskatta og erfðaskatta, lækkun gjalda af fyrirtækjum og innleiðing óvenjulágs fjármagnstekjuskatts og mikils frelsis til fjármálagerninga á vegum fyrirtækja o.fl.).¹⁴ Það var reyndar gert samhliða því að skattbyrði lágtekjufólks og meðaltekjufólks var stórlega aukin, þannig að hin auknu forréttindi fyrirtækjaeigenda og fjárfesta voru fjármögnuð af þeim sem höfðu lægri tekjur. Í reynd var kostnaðurinn af rekstri velferðarkerfisins færður í meiri mæli á herðar lágtekjufólks og meðaltekjufólks í samfélaginu. Með þessu var stórlega dregið úr jöfnunarhlutverki skattkerfisins á Íslandi, meira en sést hefur í öðrum vestrænum löndum á síðustu árum (Stefán Ólafsson 2006 og 2007; Indriði H. Þorláksson 2007; einnig Friðrik Már Baldursson o.fl. 2008).

Þá voru gerðar viðamiklar tilraunir til að koma sparissjóðum út á markað og í hendur fjármálamanna, sem og samvinnufélögum, en í stað þess að gerð væri tilraun til að taka yfir lífeyrissjóði var tekin sú stefna að byggja upp markaðsrekinn séreignasparnað við hlið lífeyrissjóðanna. Leynt og ljóst var stefnt að veikingu almannatrygginga og auknu hlutverki einkarekstrar í heilbrigðis- og menntakerfi.

14 Hannes H. Gissurarson hefur reyndar sjálfur staðfest að þessi áætlun var sett í framkvæmd af Davíð Oddssyni, í grein í Wall Street Journal í janúar 2004. Greinin heitir „Karftaverk á Íslandi“ („Miracle on Iceland“) og gengur út á að fagna miklum árangri sem þá þegar hafi verið náð í að gera Ísland að fyrirmyndarríki frjálshyggjunnar í heiminum. Framarlega í greininni segir að Ísland hafi fyrir einni öld verið fátækasta land í Evrópu. Svo segir í beinu framhaldi eftirfarandi: „Nú, eftir róttæka og víðfema frjálshyggjuvæðingu, sem endurspeglar umbætur í Bretlandi Thatchers, Nýja-Sjalandi og í Chile, þá er Ísland orðið eitt af ríkustu löndum heims.“ Skömmu síðar í greininni segir hann enn fremur að þegar Davíð Oddsson tók við völdum í landinu, árið 1991, „þá var Ísland eins og sósíalískt hagkerfi þar sem ekkert virkaði („Iceland resembled a more dysfunctional socialist economy“).

Svo útlistar Hannes í framhaldinu þá áfanga sem þegar voru komnir í framkvæmd, svo sem lækkun skatta á fyrirtæki, afnám reglugerða og ríkisafskipta, efling kvótakerfisins, afnám veltuskatts á fyrirtæki, eignaskatts og mikil lækkun erfðafjárskatts. Þetta eru allt aðgerðir sem mest gagnast stóreigna- og hátekjufólki og fyrirtækjaeigendum. Þá útlistar hann það sem ber að gera í framhaldinu, svo sem einkavæða frekar í mennta- og heilbrigðiskerfum, hita- og vatnsveitum, fjölmiðlun og í orkugeiranum. Loks spyr Hannes hvers vegna Íslandi hafi farið þessa leið frjálshyggjunnar í svo ríkum mæli. Svarið gefur hann sjálfur og segir að helstu hugmyndafræðingar frjálshyggjunnar, eins og Friedrich von Hayek, Milton Friedman og James M. Buchanan, hafi allir komið til Íslands á níunda áratugnum og haft mikil áhrif á Davíð Oddsson og marga samferðarmenn hans.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Fyrr á þessu ári var gerð skipuleg tilraun til að koma orkuveitum og orkulindum þjóðarinnar að hluta í hendur stórtækra spákaupmanna, sem voru atkvæðamiklir í hinni svokölluðu útrás.

Samhliða því að stjórnvöld hafa innleitt marga þætti ofangreindrar áætlunar varð ríkisvaldið sífellt veikara, bæði vegna verkefnatilfærslu til einkageira og vegna neikvæðrar umræðu um hlutverk og gildi ríkisins, reglugerða, aðhalds og eftirlits. Aukin markaðsvæðing, einkavæðing og almenn afskiptaleysisstefna gróf þannig undan ríkisvaldinu að hluta.¹⁵ Þar með voru veiktar nauðsynlegar varnir samfélagsins gegn óreiðuhegðun einkaaðila sem einungis hugsuðu um eigin hag, án nokkurs tillits til þjóðarhags eða þjóðaröryggis, eins og hvað skýrast var í svokölluðu IceSave-máli Landsbankans. Þar freistuðu stjórnendur bankans að bjarga sér frá lausafjárþurrð og töpuðum trúverðugleika á alþjóðlegum fjármálamarkaði á árinu 2006 með því að opna innlánsreikninga í Bretlandi, sem voru á ábyrgð íslenskra skattgreiðenda, án þess að þeir vissu yfirhöfuð af þeim skuldbindingum sem þar með voru lagðar á þá og komandi kynslóðir. Opinberir eftirlitsaðilar brugðust í því máli, sem og með því að leyfa bankakerfinu að vaxa þjóðarbúskapnum langt um megn. Þannig virðist Seðlabanki Íslands hafa horft framhjá því að geigvænleg skuldaföfnun bankanna í útlöndum og ofvöxtur þeirra miðað við þjóðarbúskapinn ógnaði þeim fjárhagslega stöðugleika sem Seðlabankinn átti öðrum fremur að vernda.¹⁶

15 Auk hinna virku baráttumanna fyrir frjálshyggjuáhrifum á vettvangi stjórnmalanna voru ýmis samtök atvinnurekenda liðtæk í baráttunni, enda þjónaði þessi stefna einkum hagsmunum þeirra og stóreigna- og hátekjufólksins í landinu. Viðskiptaráð var sérstaklega atkvæðamikið í baráttu fyrir frjálshyggjuleiðum (sjá t.d. útgáfur þess um skattamál og um opinberan rekstur á www.chamber.is, t.d. Útþensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur, frá júní 2008). Samtök atvinnulífsins holuðu steininn einnig kröftuglega og samtök útvegsmanna studdu auðvitað baráttuna fyrir kvótakerfinu. Hinu mikla fjölmiðlavaldi Sjálfstæðisflokksins var einnig beitt af útsjónarsemi og mikilli elju til að breyta tíðarandanum í átt til þessara frjálshyggju-hugmynda, sem tókst að miklu leyti. Hrun Sovétríkjanna og sósíalismsans og hnattvæðing heimsins lögðu þessari hægri sveiflu hér á landi, sem og í heiminum öllum, auðvitað einnig lið sitt (sjá umfjöllun um þá þróun í bók Stefáns Ólafssonar og Kolbeins Stefánssonar, *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*, frá árinu 2005).

Hugmyndir um að breyta Íslandi í alþjóðlega fjármálamiðstöð fóru vel saman við hugmyndina um að breyta Íslandi í fyrirmyndarríki frjálshyggjunar í heiminum. Í báðum tilvikum var gert ráð fyrir að landið þyrfti að vera skattaparadís fyrir fjárfesta og fyrirtækjaeigendur, með öflugri bankaleynd og óvenjumiklu frelsi á sviði fjármála og fyrirtækjarekstrar. (Sjá skýrslu nefndar forsætisráðherra, „Alþjóðleg fjármálastarfsemi á Íslandi“, frá því í október 2006, en formaður hennar var Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings.)

16 Eftirfarandi er lýsing Poul Thomsen, sérfræðings Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, á orsökum fjármálakreppunar á Íslandi: “Iceland allowed a very oversized banking system to develop—a banking system that significantly outstripped the authorities’ ability to act as a lender of last resort when the system ran into trouble. Only a few years ago, Iceland had a banking system that was the normal size. But after the privatization of the banking sector was completed in 2003, the banks increased their assets from being worth slightly more than 100 percent of GDP to being worth close to 1,000 percent of GDP.

When confidence problems intensified this fall, Iceland was one of the first victims because the market realized that the banking system was far too big relative to the size of the economy. As

Stjórnmál og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Þannig fór saman innleiðing algers frelsis á fjármálamarkaði, einkavæðing ríkisbanka, reynsluleysi nýrra eigenda þeirra, afskiptaleysisstefna á vettvangi stjórnsýslunnar, veik opinber eftirlits- og aðhaldskerfi, óheft markaðshyggja og taumlaus spákaupmennskukapítalismi sem byggður var á lánsfé. Þetta var ósjálfbær stefna sem þegar árið 2005 virtist útséð með að fengi staðist.¹⁷

V. Niðurstaða: Ísland var farsælt land fyrir tíma frjálshyggjunnar

Í ljósi þess sem fram er komið um hagsæld og kaupmáttarþróun á ólíkum áratugum íslenska lýðveldisins er fróðlegt að skoða nánar ýmsar vísbendingar um lífskjör Íslendinga fyrir tíma hinnar róttæku frjálshyggju, sem varð sífellt áhrifa-meiri á Íslandi eftir 1995 og náði hámarki í kjölfar þess að einkavæðingu ríkisbankanna lauk árið 2003.

Árið 2007 kom út skýrsla Sameinuðu þjóðanna um gæði lífskjara í aðildarríkjum samtakanna (*Human Development Report*). Þar er gerður samanburður á gæðum lífskjara með nokkrum samsettum mælikvörðum, sem einkum samanstanda af hagsældarstigi, menntun (skólagöngu og læsi) og heilsufari (lífslíkum). Niðurstaða skýrslu ársins 2007 var sú að Ísland væri í efsta sæti, með Noregi, með bestu lífskjör í heimi. Þótt mælikvarði á lífskjör sem notaður er í skýrslunni sé takmarkaður er þetta eigi að síður mikilvæg niðurstaða. Þó að við horfum framhjá því að Norðmenn ná álíka góðri útkomu á mælikvarðann og Íslendingar með um 8 klukkustunda skemmri vinnutíma á viku, þ.e. ígildi eins vinnudags, þá má auðvitað fagna árangrinum.

En er þetta svo nýtilkomið í sögu Íslendinga? Því fer reyndar fjarri. Þegar sambærilegar niðurstöður Sameinuðu þjóðanna eru skoðaðar fyrir fyrri ár (sjá töflu í viðauka I með niðurstöðum Sameinuðu þjóðanna um þetta 1975-2005), þá kemur í ljós að árið 1980 var Ísland í öðru sæti á þessum lífsgæðalista og árið 1990

investors started to pull out, it quickly spilled over into trouble for the Icelandic króna. Within a week the three banks collapsed, the króna's value dropped by more than 70 percent, and the stock market lost more than 80 percent of its value. For a small economy that is totally dependent on imports, this was a crisis of huge proportions. (Sjá viðtal við Thomsen á www.imf.org, 2. desember 2008).

17 Á seinni hluta þess árs komu alvarlegar viðvaranir frá erlendum matsfyrirtækjum og snemma árs veittu danskir fjármálagreinendur Den Danske Bank alvarlegar og opinskáar viðvaranir um ótrúverðugan grundvöll íslensku útrásarinnar. Bandaríski fjármálahagfræðingurinn Robert T. Aliber sagði í fyrirlestri við Háskóla Íslands 14. nóvember 2008 að Ísland hafi sennilega verið fjárhagslega dauðadæmt þegar árið 2005, vegna mikillar skuldafáfnunar og ofvaxtar í bankakerfinu. Ragnar Ónundarson bankamaður var þegar byrjaður að vara við þessari framgöngu í íslenskum fjármálaheimi fyrir árið 2005.

Árið 2006 brást Viðskiptaráð Íslands við viðvörðunum og gagnrýni á íslenska bankakerfið með því að fá þekktan bandarískan hagfræðing, Frederic S. Mishkin, ásamt Tryggva Þór Herbertssyni til að gera skýrslu um íslensku bankana, „Financial Stability in Iceland“, gegn ríflegri greiðslu. Skýrsluhöfundar sögðu bankakerfið vel rekið og í góðu lagi að mestu leyti. Orðspor Mishkins dugði til að lægja gagnrýnisráddir og menn fengu í framhaldinu tvö ár til að halda áfram á sömu braut, sem magnaði vandann fram að hruninu haustið 2008.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

var Ísland í þriðja sæti. Það er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess sem fram kom hér að framan um mikla hag- og kaupmáttarþróun á tímabilinu 1960-1980 að Ísland skuli þegar árið 1980 hafa verið komið í annað sæti á listanum.

Árið 1988 stóð höfundur þessarar greinar að gerð viðamikillar lífskjara-könnunar á Íslandi, sem var sambærileg við kannanir á lífskjörum annars staðar á Norðurlöndum sem gerðar voru á sama tíma. Með þeim gögnum sem þá fengust mátti gera nokkuð ítarlegan samanburð á gæðum lífskjara milli norrænu landanna. Mælingarnar náðu til fleiri þátta lífskjara en áður hafði verið kleift að gera.¹⁸

Niðurstöðurnar voru þær að lífskjör á Íslandi skömmu fyrir 1990 voru að mörgu leyti sambærileg við það sem best var á Norðurlöndum, sem þá voru jafnframt með þeim betri í heiminum. Íslendingar höfðu hins vegar meira fyrir lífskjörum sínum, þ.e. þurftu að vinna meira til að jafna kaupmátt og einkaneyslu. Heilsufar og húsnæðisaðstæður voru hins vegar með því besta á Íslandi, en verst var útkoman á því sviði í Finnlandi. Það á enn við nú á dögum að Íslendingar þurfa að vinna talsvert meira fyrir sambærilegum lífskjörum og frændþjóðirnar annars staðar á Norðurlöndum.¹⁹

Í bók minni *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*, sem kom út árið 1999, var niðurstaðan einnig sú að lífskjör á Íslandi á tímabilinu 1990-1996 væru um margt sambærileg við það sem finna mátti í mörgum hagsælli löndunum í heiminum.

Þessar fyrri rannsóknir styðja kröftuglega niðurstöðuna hér að framan, að hagsældar- og kaupmáttarþróun tímabilsins frá um 1960 til um 1980 hafi verið raunverulegt íslenskt efnahagsundur. Þá komst Ísland varanlega í hóp 10-15 hagsælustu þjóða heims. Hagsældarþróun eftir 1995-2001 var einungis þokkaleg í samanburði við fyrri áratugi á lýðveldistímanum. Hagsældarþróunin 2003-2008 var einnig langt að baki því sem verið hafði 1960-1980. En þá er horft framhjá því að hagvöxturinn eftir 2003 var einkum drifinn áfram af gríðarlegri skuldasöfnun. Sú skuldasöfnun hefur nú steyppt íslenska þjóðfélaginu í miklar hremmingar, með mikilli kjaraskerðingu og atvinnuleysi sem að auki mun binda þjóðina í skulda-fjötra til langrar framtíðar.

Þetta síðasta tímabil hafa róttækir frjálshyggjumenn kallað „íslenska efnahagsundrið“ og sagt það hafa einkennst af sérstaklega miklum árangri. Flæði lánsfjár var vissulega mikið í samfélaginu, ofurlaun komu til sögunnar og stjórnlaus spákaupmennska einkenndi tíðarandann og umsvifin í atvinnulífinu. Frá 2003 var hér góðæri sem drifið var áfram með gríðarlegri skuldasöfnun, án þess þó að ná máli fyrri góðæra á eftirstrífðsárunum. Kaupmáttaraukning almennings meðan á þessu stóð var þrátt fyrir þensluna minni en á hagsældarárunum 1960-1980. Skattbyrði alls þorra almennings jókst 1995-2005, mest hjá þeim sem lægstu

18 Sjá nánar um niðurstöðurnar í bók minni *Lífskjör og lífsbættir á Norðurlöndum. Samanburður á þjóðfélagi Dana, Finna, Norðmanna og Svía* (1990). Sjá einnig Bolla Þór Bollason 1986.

19 Sjá einnig úttekt ASÍ á lífskjörum á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum í skýrslunni „Lífskjör á Norðurlöndum“ frá 2006.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

tekjurnar höfðu, um leið og Íslandi var breytt í skattaparadís fyrir auðmenn og fyrirtækjaeigendur (Stefán Ólafsson 2007 og Friðrik Már Baldursson o.fl. 2008).

Íslenskt þjóðfélag var orðið stöndugt og tiltölulega skuldlítið þegar um 1980 og gat veitt þegnum sínum lífskjör sem voru um margt áþekk því besta sem þekktist í heiminum. Því var hins vegar fórn að á altari óheftrar markaðshyggju og spákaupmennsku-kapítalisma sem fylgdi starfsháttum sem innleiddir voru með einkavæðingu bankanna. Þjóðarinnar bíður nú að reisa sig aftur upp úr rústum fjármálahrunsins sem leiddi af þessari óvenjulegu og róttæku þjóðfélagstilraun sem íslenskir frjálshyggjumenn stóðu fyrir.

Heimildir

- Allen, F., og Gale, D. (2007). *Understanding Financial Crises*. Oxford: Oxford University Press.
- ASÍ (2006). „Lífskjör á Norðurlöndum.“ Skýrsla hageildar ASÍ, janúar 2006. Sótt 12. desember á <http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/upplýsingarit/lifskjor.pdf>
- Bolli Þór Bollason (1986). „Launakjör á Íslandi og öðrum Norðurlöndum“, í Þórður Friðjónsson (ritstj.), *Íslensk hagþýsing*. Reykjavík: AB.
- Daniel Svavarsson og Pétur Örn Sigurðsson (2007, júlí). „Erlend staða þjóðarbúsins og þáttatekjur.“ *Peningamál* 30.
- Djankov, S., La Porta, R., Lopez-de-Silanes, F., og Shleifer, A. (2008). „The Law and Economics of Self-Dealing.“ *Journal of Financial Economics* 88, 430-465.
- Friðrik Már Baldursson o.fl. (2008). „Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni.“ Skýrsla nefndar á vegum fjármálaráðuneytisins, 11. september 2008. Sótt 12. desember 2008 á <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/adrarskyrslur/Islenka-skattkerfid-samkeppnishafni-og-skilvirkni.pdf>
- Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.) (1993). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990. Ritgerðir*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Guðmundur Jónsson (1999). *Hagvöxtur og iðnvæðing: Þróun landsframleiðslu á Íslandi 1870 til 1945*. Reykjavík: Þjóðhagsstofnun.
- Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (1997). *Hagskinna*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands (2008, október-nóvember). Talnagögn um hagvöxt og kaupmáttarþróun af vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is
- Hannes Hólmsteinn Gissurarsona (2001). *Hvernig getur Ísland orðið ríkasta land í heimi?* Reykjavík: Nýja bókafélagið.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson (2004). „Miracle on Iceland.“ *Wall Street Journal* Europe, 29. janúar 2004.
- Indriði H. Þorláksson (2007). „Skattapólitik: Er skattkerfið sanngjarnt og hvernig nýtast ívilnanir þess?“ *Stjórnmal og stjórnsýsla* 3(1), 11-33.
- International Monetary Fund (2008, nóvember). IMF Country Report No. 08/362-Iceland. Skýrsla um efnahagsvanda Íslendinga. Sótt 12. desember 2008 á <http://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2008/cr08362.pdf>
- Jón Steinsson (2008). „Íslensk spilling.“ *Morgunblaðið*, 27. nóvember 2008.
- Kindleberger, C.P., og Aliber, R.Z. (2005). *Manias, Panics and Crashes: A History of Financial Crises*. London: Palgrave MacMillan.
- Magnús S. Magnússon (1993). „Efnahagsþróun á Íslandi 1880-1990“ í Guðmundur Hálfðanarson

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

- og Svanur Kristjánsson (ritstj.), *Íslenskt þjóðfélagsþróun 1880-1990. Ritgerðir*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Minsky, H.P. (2008). *Stabilizing an Unstable Economy*. NY: McGraw-Hill.
- Mishkin, F.S., og Tryggvi Þór Herbertsson (2006, maí). „Financial Stability in Iceland.“ Skýrsla til Viðskiptaráðs Íslands. Sótt 12. desember 2008 á <http://www.verslunarrad.is/files/555877819Financial%20Stability%20in%20Iceland%20Screen%20Version.pdf>
- Nefnd forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi (2006). „Alþjóðleg fjármálastarfsemi á Íslandi.“ Skýrsla til forsætisráðherra. Sótt 12. desember 2008 á www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/Skyrsla.pdf
- Reinhart, C.M., og Rogoff, K.S. (2008). „Is the 2007 U.S. Sub-Prime Financial Crisis So Different? An International Historical Comparison.“ NBER Working Paper No. 13761, janúar 2008. Sótt 12. desember 2008 á <http://www.nber.org/papers/w13761>
- Sameinuðu þjóðirnar (2007). *Human Development Report 2007*. Sótt 12. desember 2008 á <http://hdr.undp.org/en/>
- Seðlabanki Íslands (2000-2008). *Ársskýrsla*. Sótt 12. desember 2008 á <http://www.sedlabanki.is/?PageID=88>
- Seðlabanki Íslands (ýmis ár). *Fjármálastöðugleiki*. Sótt 12. desember 2008 á <http://www.sedlabanki.is/?PageID=310>
- Seðlabanki Íslands (ýmis ár). *Peningamál*. Sótt 12. desember 2008 á <http://www.sedlabanki.is/?PageID=87>
- Sigurður Snævarr (1993). *Hagþýsing Íslands*. Reykjavík: Mál og menning.
- Stefán Ólafsson (1984), *Modernization and Social Stratification in Iceland*. Oxford University, Nuffield College, óbirt doktorsritgerð.
- Stefán Ólafsson (1990). *Lífskjör og lífsbættir á Norðurlöndum. Samanburður á þjóðfélagi Dana, Finna, Norðmanna og Svía*. Reykjavík: Iðunn.
- Stefán Ólafsson (1999). *Íslenska leiðin: Almennatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun og Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson (2006). „Aukinn ójöfnuður á Íslandi: Áhrif stjórn mála og markaðar í fjölþjóðlegum samanburði.“ *Stjórnmal og stjórnsýsla* 2(2), 129-156.
- Stefán Ólafsson (2007). „Skattastefna Íslendinga.“ *Stjórnmal og stjórnsýsla* 3(2), 231-263.
- Viðskiptaráð Íslands (2008, júní). Útþensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur. Sótt 12. desember 2008 á <http://www.vi.is/files/776985369Ut%C3%BEensla-WEB.pdf>
- Þjóðhagsstofnun (2000). *Sögulegar hagtölur*. Reykjavík: Þjóðhagsstofnun.
- Þórður Friðjónsson (ritstj.) (1986). *Íslenskt hagþýsing*. Reykjavík: AB.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Viðauki. Græði lífskjara samkvæmt mælingu Sameinuðu þjóðanna 1975-2005 – „Human Development Index“

	1975	1980	1985	1990	1995	2000	2005
1 Switzerland	0.883	0.895	0.911	0.931	0.938	0.958	0.968
2 Denmark	0.875	0.890	0.904	0.919	0.936	0.952	0.968
3 Canada	0.873	0.890	0.902	0.918	0.935	0.949	0.962
4 Netherlands	0.873	0.889	0.900	0.916	0.934	0.947	0.961
5 Sweden	0.872	0.888	0.899	0.915	0.934	0.947	0.959
6 Norway	0.870	0.886	0.899	0.914	0.931	0.946	0.956
7 USA	0.870	0.885	0.899	0.913	0.931	0.946	0.955
8 Iceland	0.868	0.883	0.893	0.907	0.929	0.943	0.953
9 Japan	0.861	0.882	0.890	0.906	0.929	0.942	0.953
10 France	0.856	0.872	0.884	0.904	0.926	0.941	0.952
11 New	0.854	0.869	0.884	0.903	0.925	0.940	0.952
12 UK	0.853	0.868	0.883	0.899	0.923	0.938	0.951
13 Belgium	0.852	0.866	0.880	0.898	0.918	0.938	0.949
14 Australia	0.851	0.863	0.877	0.896	0.918	0.935	0.949
15 Austria	0.848	0.863	0.876	0.894	0.916	0.932	0.948
16 Finland	0.846	0.862	0.871	0.892	0.914	0.931	0.946
17 Spain	0.846	0.861	0.871	0.890	0.913	0.931	0.946
18 Italy	0.845	0.860	0.870	0.890	0.913	0.929	0.944
19 Greece	0.841	0.860	0.869	0.890	0.910	0.928	0.943

Heimild: Sameinuðu þjóðirnar: *Human Development Report 2007*.